

**3350. fundur bæjarráðs, haldinn í fundarherbergi 3. hæð, Stillholti 16-18,  
16. ágúst 2018 og hófst hann kl. 08:15.**

**Fundinn sátu:**

Elsa Lára Arnardóttir formaður, Valgarður L. Jónsson varaformaður, Rakel Óskarsdóttir aðalmaður, Sævar Freyr Þránínsson bæjarstjóri og Steinar Dagur Adolfsson sviðsstjóri stjórnsýslu- og fjármálasviðs.

**Fundargerð ritaði:** Steinar Adolfsson, sviðsstjóri.

**Fyrir tekið:**

**1. 1805127 - Endurskoðun á bæjarmálasamþykkt**

Endurskoðuð bæjarmálasamþykkt lögð fram til samþykktar í bæjarráði.

*Lagt fram.*

**2. 1801133 - Opið samskiptanet - bætt þjónusta við íbúa Akraness**

Aðgangur að ljósleiðurum Gagnaveitu Reykjavíkur.

*Lagt fram. Bæjarráð felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins.*

**3. 1806187 - Hverfisvernd á eignarlóðum Grenja ehf. - krafa um afnám**

Erindi frá Libra lögmönnum um að hverfisvernd verði afnumin af eignarlóðum Grenja ehf. að Bakkatúni 20,26,28 og 30 og að Krókatúni 22-24.

*Bæjarráð samþykkir að vísar erindinu til umsagnar og e.a. málsmeðferðar hjá skipulags- og umhverfisráði.*

**4. 1808078 - Markaðsátak**

Markaðsátak í aðdraganda gjaldfrjálsra gangna.

*Málið tekið til umræðu og bæjarráð felur bæjarstjóra að vinna tillögur um útfærslur og leggja fyrir ráðið síðar í haust.*

**5. 1808081 - Gjöf til Akraneskaupstaðar - málverk eftir Bjarna Skúla Ketilsson**

Hópur velunnara Skagaliðsins stóð að kaupum á málverki eftir Bjarna Skúla Ketilsson listmálara og hefur fært Akraneskaupstað málverkið að gjöf og óskað eftir því að verkinu verði komið fyrir á áberandi stað í sal íþróttamiðstöðvar á Jaðarsbökkum. Myndin er af Pálma Ólafssyni sem var einlægur stuðningsmaður Skagaliðsins um áratugaskeið.

*Bæjarráð þakkar gjöfina og framtakið. Myndin er þegar komin upp í bikarsalinn í íþróttamiðstöðinni á Jaðarsbökkum og sómir Pálmi sér vel þar í hópi annarra merkismanna.*

**6. 1808084 - Vinnustaðagreining Akraneskaupstaðar 2018**

Tilboð Gallup um framkvæmd vinnustaðagreiningar Akraneskaupstaðar 2018.

Bæjarráð telur mikilvægt að fylgt verði eftir þeirri vinnu sem unnin var í samstarfi aðila árið 2017.

Bæjarráð samþykkir að samið verði við Gallup um framkvæmdina og felur bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins. Útgjöldunum, að hámarki að fjárhæð kr. 1.873.000, verður mætt með lækkun áætlaðs rekstrarafgangs.

Jafnframt er bæjarstjóra veitt heimild til að ganga til samninga um framkvæmd vinnustaðagreiningar á næstu árum enda um mikilvægt málefni að ræða í starfsemi Akraneskaupstaðar. Gert verði ráð fyrir útgjöldunum í fjárhagsáætlun vegna ársins 2019.

**7. 1804090 - Afskriftir 2018**

Afskriftarbeiðni Sýslumannsins á Vesturlandi.

Bæjarráð samþykkir afskriftabeiðni sýslumannsins á Vesturlandi að fjárhæð kr. 47.256.657 vegna ársins 2018.

**8. 1808107 - Hugmynd að þróunarstarfi á Byggðasafninu í Görðum**

Erindi Ingimars Oddssonar um samstarf til reksturs Byggðasafnsins í Görðum.

Bæjarráð þakkar erindið og áhugaverðar hugmyndir en tekur fram að útfærslan yrði annað hvort að vera í formi útboðs á rekstrinum eða hefðbundinnar starfsauglýsingar. Ekki eru uppi áform um breytingar af þessum toga í starfsemi safnasvæðisins og felur bæjarráð bæjarstjóra frekari úrvinnslu málsins í samræmi við umræður á fundinum, í samvinnu við forstöðumann menningar- og safnamála og menningar- og safnanefnd.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 10:15.**

Elsa Lára Arnardóttir  
 Valgerður S. Jónsdóttir  
 Rakel Þórunn Schöttel  
 Gunnfríður Kristjánsson  
 Gunnar H. Halldórsson